



Náttúruverndarsamtök Íslands

Iceland Nature Conservation Association

Reykjavík 1. maí 2019

Loftslagsbreytingar: þróun lausna og bætt nýting auðlinda

1. Hvaða þróun er að eiga sér stað í þróun lausna/aðgerða við loftslagsmálum og hvers konar lausnir má sjá fyrir sér að verði árið 2035-2040?

Náttúruverndarsamtök Íslands telja einsýnt að verði ekki dregið verulega úr losun gróðurhúsalofttegunda hér á landi sem alls staðar annars staðar í heiminum þá verða fáar lausnir í boði árið 2035 eða 2040.

Samkvæmt vísindaskýrslu Veðurstofu Íslands frá maí 2018 þarf losun gróðurhúsalofttegunda að verða neikvæð síðari hluta þessarar aldar eigi mannkyni að takast að stöðva og snúa við súrnun sjávar. Eina lausnin sem nú er í boði er verulegur og hraður samdráttur í losun gróðurhúsalofttegunda.

Mikilvægasta og nærtækæasta lausnin er að losun kosti; að bruni jarðefnaeldsneytis kosti meira en hrein orka. Með öðrum orðum, vandamálið er ekki að Íslendingar fljúgi til sólarlanda í þúsundatali. Vandamálið er flugmiðarnir kosta sáralítið í ljósi þess umhverfiskostnaðar sem af hlýst.

2. Hvaða aðrar lausnir við annars konar við sviðsmyndum eru líklegar árið 2035-2040?

Við getum vonað – svo dæmi sé tekið – að árið 2040 verði binding koltvísýrings í bergi raunhæf lausn til að draga úr magni CO₂ í andrúmsloftinu. Lausn sem muni um í baráttunni við loftslagsbreytingar. Mikilvægasta forsenda árangurs við bindingu kolefnis í bergi eru þó ekki tæknilegar heldur að losun kolefnis kosti nægilega mikið til að fyrirtæki sjái hag sinn í að farga koltvísýringi með því að binda hann í berg; að kolefnisgjald hækki hratt og örugglega. Engum má blandast hugur um það að fjárfesting í kolefnisfrekum iðnaði eða þjónustu muni ekki borga sig.

Stundum mætti halda að ráðamenn og forustumenn í atvinnulífi trúu því að Íslendingar hafi fundið upp hitaveitu til að berjast gegn loftslagsbreytingum. Svo var vitaskuld ekki. Að lokinni fyrri heimstyrjöld var Íslendingum ljóst að kol voru dýr og afhending óviss. Þá datt mönnum í hug að nýta mætti jarðhita til að hita hús í Reykjavík. Tæknin var ekki flókin, verðið var lægra og framtíðin öruggari.

Allan Larson, fv. fjármálaráðherra Svíþjóðar, sagði á dögnum í umræðum um nýja skýrslur sænska loftslagsráðsins:

Hur had vi ráð? Hur hade vi ráð att köra det gamla när vi kan köra det nya med alla de innovationer som företagen är med og utvecklar?

Einmitt! Hvernig höfðum við efni á að búa í saggafullum torfkofum, án rafveitu og án hitaveitu? Við höfum ekki efni á að senda börnin okkar í skóla þar sem mygla er í öllum hornum. Sköpum rétt skilyrði fyrir þróun lausna og fljótverkasta leiðin er að mengun kosti.

3. Hvaða nýju áskoranir eða tækifæri stendur Ísland frammi fyrir út frá mismunandi sviðsmyndum?

Sviðsmyndin er fyrst og fremst neyðarástand af völdum loftslagsbreytinga, örrar bráðnunar íss og jökla, súrnun sjávar, súrefnisskortur á hafinu vegna hlýnunar og hnignun líffræðilegs fjölbreytileika hafsins.

Áskorunin er ekki ný. Loftslagsógnin hefur legið skýr fyrir í að minnsta kosti 25 – 30 ár en ráðamenn kusu lengst af að hunsa hana hana – að því undanskildu að stjórnvöld lögðu mjög mikla vinnu í að afla Íslandi undanþágu frá ákvæðum Kyoto-bókunarinnar á fyrsta skuldbindingartímabili hennar, 2008 – 2012. Eftir að undanþágan náðist fram árið 2001 liðu mörg ár áður en loftslagsbreytingar urðu áskorun fyrir íslensk stjórnvöld. Það var ekki fyrr en í stefnuyfirlýsingu sitjandi ríkisstjórnar að ráðamenn virtust átta sig á að áskorunin sé brýn. En er það svo?

Í þingræðu 29. apríl sl. [sagði](#) Bjarni Benediktsson, fjármálaráðherra:

Frá því að staðan í loftslagsmálum var mönnum ljósari hafa útgerðaraðilar kappkostað mjög að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og hafa náð verulegum árangri í þeim efnum.

Þessa *staða* – og þá er skýrara að nota hugtökin loftslagsbreytingar og súrnun sjávar – varð útgerðaraðilum fyrst ljós árið 2014. Þá fyrst og fremst vegna óhrekjandi gagna um súrnun sjávar við Ísland. Um sama leyti virtust stjórnámálamenn taka við sér.

Enn eru þeir útgerðarmenn sem telja að kenningin um loftslagsbreytingar sé enn ein blekkingin af hálfu samtaka á borð við WWF eða Greenpeace til að afla fjár hjá auðtrúa almenningi. Enn eru til menn á Íslandi sem gera út togara sem brenna svartolíu.


Öllum hugsandi mönnum mátti vera ljóst árið 1995 þegar II. skýrsla IPCC kom út að loftslagsbreytignar væri veruleg ógn – að mati vísindasamfélagsins. Þessu afneituðu útgerðarmenn þar til fyrir örfáum árum. Það var ekki fyrr en í áramótaræðu árið 2007 að forsætisráðherra Íslands gaf til kynna að loftslagsbreytingar væru vandamál.

Að sjálfsögðu nýttu útgerðarmenn sér kosti kvótakerfisins, fækkuðu fiskiskipum, fjárfestu í sparneytnari vélum og öðru því sem gat sparað þeim eldsneytiskostnað. Nú geta þeir þakkað fyrir hátt olíuverð því ella hefðu þeir ekki lagt svo mikið á sig. Hækkun kolefnisgjalds er því móðir nýrra lausna fyrir útgerðarfyrirtæki.

4. Hvaða nýju stefnur og áætlanir þarf að setja svo að íslensk stjórnvöld geti stuðlað að nýsköpun á sviði lausna og aðgerða við lofslagsvandannum?

Því fyrr sem íslensk stjórnvöld viðurkenna að bruni jarðefnaeldsneytis verður að kosta til knýja fram nýjar tæknilausnir; að hækka verði kolefnisgjald; að hækka verði vörugjöld á bílum í samræmi við losun g/km, þeim mun nær erum við lausnum, þwim mun hraðari orkuskipti. Náttúruverndarsamtök Íslands benda á að losun kolefnis verði að kosta um 100 dollara tonnið til að ná markmiðum Parísarsamkomulagsins. Sennilega þarf tonnið að kosta meira en 50 evrur til að fjárfesting í bindingu koltvísýrings í berg borgi sig.

F.h. Náttúruverndarsamtaka Íslands



Árni Finnsson